

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2014

**Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr matarsóun, þskj. 21-21. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr matarsóun. Í tillögunni er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði falið að skipa starfshóp sem hafi það að markmiði að mæla og greina umfang matarsóunar á Íslandi og leggja fram tillögur um aðgerðir til að draga úr matarsóun. Ráðherra skuli gera Alþingi grein fyrir framgangi verkefnisins með munnlegri skýrslu á haustþingi 2015. Áætlun um aðgerðir til að draga úr matarsóun liggja fyrir á haustþingi 2016.

Bent er m.a. á í greinargerð með tillögunni að mikil og neikvæð umhverfisáhrif séu af matvælaframleiðslu og á sama tíma búi milljarðar jarðarbúa við hungurmörk. Þá er bent á að í öðrum ríkjum hafi verið gripið til aðgerða til að draga markvisst úr matarsóun.

Í ályktun 43. þings BSRB um umhverfismál segir m.a.:

*Umhverfisvernd og sjálfbær nýting auðlinda þarf að njóta öflugs stuðnings stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga. Viða hafa opinberir aðilar staðið vel að vitundarvakningu í umhverfismálum og halda verður því starfi áfram og gera enn betur í framtíðinni.*

BSRB telur að efni þingsályktunartillögunnar sé mjög í anda ályktunarinnar og styður því framgang tillögunnar.

Fyrir hönd BSRB

  
Helga Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri